

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 13. desember 2022
UST202212-099/A.Þ.
10.04.03

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029 - Krækishólar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Flóahrepps er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi vegna breyttrar landnotkunar Krækishóla.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á breytta landnotkun á 10 ha landi innan svæðis F25 Mörk og Krækishólar. Nú er svæðið skilgreint sem frístundabyggð en fyrirhugað er að breyta því í íbúðabyggð.

Umhverfisstofnun bendir á kafla 2.1.1 í landsskipulagsstefnu 2015 - 2026 en þar segir að „við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Í kafla 2.3.1 í nógildandi aðalskipulagi segir um íbúðabyggð: „Ekki er gert ráð fyrir nýjum svæðum fyrir íbúðarbyggð.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að uppbygging íbúðabyggðar í sveitarfélaginu tengist þéttbýliskjörnum og að landnotkun í dreifbýli verði í samræmi við landsskipulagsstefnu og nógildandi aðalskipulag. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að beina vexti íbúðabyggðar að þegar skilgreindum þéttbýliskjörnum og að staðið sé vörð um svæði með hátt náttúruverndargildi eins og hraun, mikilvægar vistgerðir, búsvæði og náttúru- og hverfisverndarsvæði.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur